# Fornleifaskráning
## í landi Áss
## Hafnarfirði




*Katrín Gunnarsdóttir*
*Byggðasafn Hafnarfjarðar*

*janúar 2005*


A
B
Ásland
C
D
D
K
F
G
E
E
J
I
H

# EFNISYFIRLIT

Yfirlitskort .......... 1
Inngangur .......... 3
Tilgangur fornleifaskráninga .......... 4
Fornleifur. Gagnagrunnur Byggðasafns Hafnarfjarðar .......... 5
Ás, Stekkur. .......... 8
Sögulegt yfirlit .......... 8
Náttúrufar og jarðabætur .......... 10
Niðurstöður .......... 11
Niðurstöður: Framtíðar byggingasvæði, fyrir deiliskipulag í landi Áss, eru merkt á korti með bókstöfunum A, B, C, og D, og niðurstöðum fornleifaskráningar á hverju svæði. .......... 13
Svæði A .......... 13
Svæði B .......... 13
Svæði C .......... 13
Samantekt á svæði B og C .......... 13
Svæði D .......... 13
Svæði D í Hvaleyrarlandi .......... 14
Svæði J .......... 14
Svæði J í Hvaleyrarlandi .......... 14
Svæði K .......... 14
Heimildir .......... 15
Fylgiskjöl. .......... 15
Fornleifaskrá .......... 16 - 76
Fylgiskjöl

## Jarðatal J. Johnsen

***Í Jarðatali Johnsen***[1] frá 1874 er jörðum gefið ákveðið númer. Sé jarðar þar getið er númerið fært í gagnagrunninn.

## Aldur

Aldur fornleifa er metinn samkvæmt eftirfarandi þremur skilgreindum flokkum: ***-1550, 1550-1900 og 1900-.*** Hér er ekki um nákvæmt mat að ræða heldur frekar einskonar tilgátu. Sé ***ártal*** hins vegar fyrir hendi sem byggir á traustum heimildum eða fornleifarannsókn er það fært inn sérstaklega.

## Heiti

Hafi fornleif ákveðið ***heiti*** er það skráð í gagnagrunninn sbr. heitin: Hádegisvarða, Hádegisskarað, Þorbjarnastaðarétt o.s.frv.

## GPS staðsetning

Samkvæmt vinnureglu er ***GPS hnit*** tekið sem næst miðju fornleifar og hnitið fært inn í gagnagrunninn, einnig er nákvæm staðsetning fornleifa færð inn á kortagrunn.

## Ástand

Ástand fornleifa er metið samkvæmt eftirfarandi fjórum fyrirfram ákveðnum atriðum: ***Ágætt*** ef viðkomandi fornleif er í góðu ástandi, ***Sæmilegt*** ef fornleif er nokkuð heilleg, ***Lélegt*** ef fornleif er mikið röskuð og ***Horfin*** ef fornleif er ekki sýnileg á yfirborði, fornleifin er þá hinsvegar orðin heimild um fornleif. Mikilvægt er að taka tillit til fornleifa sem skráðar eru horfnar því óvíst er hvað kann að leynast undir sverðinum.

## Hættumat

Hvort hætta steðji að fornleif er metið samkvæmt eftirfarandi skilgreindum atriðum: ***Ábúð, Nýbyggingar, Efnistaka, Ekkert, Landeyðing, Landgræðsla, Skepnur, Umferð, Vegagerð, Annað, Skógrækt, Skógrækt og göngufólk, Landbrot.***

## Hætta

Leitast er við það að meta hættuástand, samkvæmt eftirfarandi fjórum skilgreindum þáttum: ***Mikil, Talsverð, Lítil og Engin.*** Þannig er möguleiki á að grípa til viðeigandi ráðstafna liggi fornleif t.d. undir skemmdum eða hætta sé á raski.

## Tegund minja

Heiti tegundar s.s. fjárhús, beitarhús, brunnur, varða, stekkur, rétt o.s. frv. er skráð inn í gagnagrunninn.

## Friðlýsing

Í gagnagrunninum eru þrjú gildi er snúa að friðslýingu fornleifa.Við skráningu er tekið fram hvort fornleif sé ***friðlýst eða ekki,*** ef svo er þá ***hvenær*** það hafi verið gert, er upplýsinga leitað í friðlýsingaskrá. Með tilliti til minjagildis og sérstöðu fornleifar er afstaða tekin til þess hvort gera skuli ***tillögu að friðun fornleifa.***

---

[1] J.Johnsen 1847.Jarðatal á Íslandi. Kaupannahöfn.

## Merking
Tillaga er lögð fram um það ***hvort merkja eigi*** fornleif inn á kort t.d. á staðfræðikort eða hvort merkja eigi viðkomandi fornleif í landinu.

## Minjagildi
Leitast er við meta minjagildi fornleifar miðað við aldur, hlutverk, ástand og verðleika samkvæmt fjórum eftirfarandi skilgreindum þáttum: ***Hátt, Talsert, Lítið og Ekkert***.

## Lega og staðhættir
Staðsetningu fornleifa er lýst með tilliti til ***legu og staðhátta,*** með því markmiði að auðvelt sé að ganga að og finna fornleif á vettvangi bæði með hliðsjón af afstöðu minja til kennileita í landinu og með aðstoð korta. Skráðar minjar eru færðar inn á kotagrunn Umhverfis- og tæknisviðs Hafnarfjarðar nema annað sé tekið fram.

## Lýsing
Gerð er grein fyrir lögun fornleifar, einkennandi þáttum og almennu ástandi.

## Athugasemdir
Inn í ***athugasemdir*** eru færðar allar þær viðbótarupplýsingar sem eru fyrir hendi og skrásetjari telur nauðsynlegt að komi fram varðandi fornleif. Til dæmis sögulegar upplýsingar, ábúendasaga, munnlegar frásagnir, GPS staðsetning og leiðir að öðrum fornleifum á svæðinu. Þar er enn fremur að finna texta er rökstyður tillögu skrásetjara um merkingar á vettvangi t.d. með tilliti til umferðar, ágangs eða vegna menningarsögulegra ástæðna. Í athugsemdum er einnig skýringartexti með þeim myndum og teikningum sem fylgja skráðri fornleif.

## Heimildir
Vísað er til ***heimilda*** um hverja fornleif fyrir sig, jafnt ritheimilda sem munnlegra frásagna og er heimildamanna sérstaklega getið. Enn fremur er vísað til þeirra korta og loftljósmynda sem fylgja eða tilheyra fornleifinni eða því svæði sem hún liggur á.

## Ljósmyndir
Sérstakur reitur er fyrir hendi til innskönnunar ljósmynda eða innsetningu stafrænna mynda, í athugsemdum er að finna skýringartexta við myndir.

## Teikningar
Ef fornleif hefur verið teiknuð upp á vettvangi er sérstakur reitur fyrir hendi til innskönnunar teikningar. Á vettvangi er fornleif jafnan stikuð út og teiknuð með einföldum hætti. Við gerð teikningar er jafnan stuðst við niðurstöðu áttavita. Í athugsemdum er að finna skýringartexta teikninga. Sé fornleif hins vegar mæld upp, þá er þess sérstaklega getið í athugasemdum.

# Inngangur

Að beiðni Umhverfis- og tæknisviðs Hafnarfjarðar var Byggðasafni Hafnarfjarðar falið að sjá um fornleifaskráningu í landi Áss í Hafnarfirði vegna deiliskipulgsvinnu á nýjum byggingasvæðum. Ennfremur endurskráning fornleifa á svæði sem var fornleifaskráð 1996, vegna samkeppni um skipulag í Áslandi og Grísanesi.

Fornleifaskráning á vettvangi og skráning í "Fornleif" sem er gangagrunnur Byggaðsafns Hafnarfjarðar fór fram í júní til ágúst 2004, og var hún gerð af Katrínu Gunnarsdóttir fornleifafræðingi.

Árið 1996 var gerð fornleifaskráning í landi Áss á vegum "Fornleifadeildar Þjóðminjasafns Íslands", vegna samkeppni um skipulag í Áslandi og Grísanesi. Vegna ófullnægjandi upplýsinga í skýrslunni sem unnin var eftir þeirri fornleifaskráningu, urðu þau mistök að við bæjarstæði Stekkjar í Áslandi varð rask á fornleifum. Rask þetta var síðan kannað nánar í júní árið 2000 af Birni Péturssyni forstöðumanni Byggðasafns Hafnarfjarðar og Guðmundi Ólafssyni deildarstjóra fornleifadeildar Þjóðminjasafns Íslands. Guðmundur gerði síðan skriflega grein fyrir því umróti sem hafði átt sér stað til Umhverfis- og tæknisviðs Hafnarfjarðar og hvað væri til úrbóta, Taldi hann m.a. að þar sem ekki væru til teikningar af minjum á þessu svæði væri nauðsynlegt að mæla þær upp og gera af þeim teikningar áður en að frekara rask ætti sér stað, og að haft yrði samband við höfunda skýrslunnar til að fá frekari upplýsingar um staðsetningu minja, vegna þess hve óljóst það væri í skýrslunni.

Ekki hefur verið gerð nánari fonleifaksráningu á því svæði fyrr en nú með þessari skýrslu, árið 2004. Vegna þess hve margt er óljóst í skýrslunni, hefur einungis verið hægt að staðsetja hluta af þeim minjum sem þar eru skráðar, en það er þá tekið fram í heimildum með viðkomandi skráningu í þessari skýrslu.

Árið 2001 var síðan gerð fornleifakönnun á vegum Fornleifastofnunar Íslands, sem unnin var var Elínu Ósk Hreiðarsdóttir, vegna lagningar Reykjanesbrautar. Þar kemur inn hluti af Áslandi, sá hluti sem liggur við bæjarstæði Stekkjar. Þar voru skráðar minjarnarnar Gk-169-026 - Ásstekkur, bæjarstæði, býli og Gk-169-027 - Stekksgata. Árið 1998 var gerð "Svæðisskráning fornleifa í Hafnarfirði" á vegum Fornleifastofnunar Íslands, sem unnin var af Hildi Gestsdóttir og Sædísi Gunnarsdóttir.

Það svæði sem þessi fornleifaskráning tekur yfir og var gerð á vegum Byggðasafns Hafnarfjarðar í land Áss sumarið 2004, og er sýnd á fylgiskjali 1, 4 og 5.

Vettvangsskráning fór fram dagana 23 og 24 júní og 2, 9, 21 og 22 júlí 2004. Teknar voru myndir og teiknaðir uppdrættir af þeim fornminjum sem fundust á skráningarsvæðinu og þær staðsettar með Gps hnitum. Skráðar fornleifar eru 55.

Jónatan Garðarsson, Lóuási 2, Hafnarfirði veitti leiðsögn og upplýsingar um skráningarsvæðið, og er honum þökkuð veitt aðstoð.

Skýrslan greinir frá athugunum og upplýsingum um hvern stað, hættumati og hættuorsökum þar sem við á. Í niðurstöðum er greint frá hvar sérstaklega þarf að hafa

gát á vegna verklegra framkvæmda eða annarra framkvæmda sem eiga sér stað á eða við fornminjar.

## Tilgangur fornleifaskráninga

Í þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

> [...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:
>
> a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
> b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
> c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
> d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
> e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
> f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
> g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
> h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
> i. skipsflök eða hlutar úr þeim.
>
> Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

***Samkvæmt lögunum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til". Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).***

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

En það er ekki síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt.

Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

***Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Fornleifavernd ríkisins um framkvæmdirnar með fyrirvara. Getur Fornleifavernd ef svo ber undir krafist þess að framkvæmdum sé frestað uns fornleifarannsókn hefur farið fram. Þeir, sem standa fyrir meiri háttar framkvæmdum, bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna (sjá 14. gr. Þjóminjalaga).***

## Fornleifur. Gagnagrunnur Byggðasafns Hafnarfjarðar

Gagnagrunnurinn *Fornleifur* er fornleifaskrá er veitir upplýsingar um skráðar fornleifar í landi Hafnarfjarðar.
Gagnasafn *Fornleifs* byggir á fornleifaskráningu Byggðasafns Hafnarfjarðar sem felur í sér heimildaöflun og úrvinnslu jafnt ritaðra sem munnlegra heimilda, korta og loftmynda. Enn fremur vettvangsvinnu s.s. GPS hnitun fornleifa, ljósmyndun, gerð uppdrátta og lýsingu fornleifa á vettvangi. Með innslætti í gagnagrunninn, útprentun gagnasafnsins, gerð korta og sögulegs inngangs, verður til lokaskýrsla sem send er bæjaryfirvöldum og Fornleifavernd ríkisins, telst þá fornleifaskráningu viðkomandi svæðis vera lokið.
*Fornleifur* veitir upplýsingar um fjölmörg skráningaratriði og gildi sem hér verður gerð nánari grein fyrir:

### Aðalnúmer og undirnúmer

Fornleifum er í gagnagrunninum gefið ***Aðalnúmer*** og ***Undirnúmer***. Aðalnúmer ræðst nær undantekningalaust af heiti jarðar. Jörðin Hvaleyri hefur sem dæmi aðalnúmerið 9 en undirnúmer telja fjölda skráðra fornleifa innan landamerkja jarðarinnar.

### Landareign og númer landareignar

Gildið ***Landareign*** á við heiti þeirrar jarðar sem fornleifar finnast á. Samkvæmt Fasteignamati ríkisins eiga jarðir ákveðið ***landsnúmer*** sem fært er inn í gagnagrunninn.
Golfvöllurinn Hvaleyri hefur eigið fasteignanúmer samkvæmt Fasteignamati ríkisins. Ný byggingasvæði í landi Hvaleyarar hafa ekki fengið eign fasteignamatsnúmer, þannig að skráðar fornminjar á skráningarsvæðinu er allar undir fasteignamatsnúmeri Hvaleyrar.

# Ás, Stekkur.
## Sögulegt yfirlit

Í Örnefnaskrá segir að landamerki fyrir umboðsjörðina Ás í Garðahreppi séu: Stefna í Fuglastapaþúfu í þúfu fyrir vestan svokallað Skarð austast í Grímsnesi; þaðan í Bleikstein í Bleiksteinshálsi; þaðan í Þormóðshöfða og þaðan í Steinhús.
Úr Fuglastapaþúfu fyrir vestan Guðbrandsbæ bein lína í austur í vörðu milli Áss og Jófríaðarstaða; þaðan í vörðu norðan til við Ásfjallsöxl. Þaðan til suðausturs í vörðu á Bláberjahrygg; sama lína í Vatnsenda efri; svo í vörðu á Kjóadalshálsi; þaðan beint í vörðu á Miðhöfða þaðan í Fremstahöfða; þaðan upp í Steinhús.

Í Örnefnaskrá segir enn fremur:
Ás í Garðahreppi, fyrrum Álftaneshreppi, en tilheyrir nú Hafnarfirði. Jörðin tilheyrði jörðum þeim er lágu við fjörðinn.[2]

Í Jarðabók frá 1703 segir m.a.:
Jarðardýrleiki á hluta kóngsins er óviss og veit enginn um hann. Jóns Péturssonar hlut segja menn vera þrjá hundruðustu 80 álnir, en þetta er þó nokkuð óvíst þar sem bóndaeignin tíundast engum svo menn viti. Að sögn manna fellur þessi tíund bóndans niður vegna erfiðra hreppamanna flutninga yfir Kapelluhraun að Þorbjarnastöðum. Sýnist líklegt að jörðin muni til samans öll 12 hundruðustu verið hafa. Og væri þá konungspartuinn 8 hundruðstu og 60 álnir. Eigandinn að meiri hlut jarðarinnar er kongleg Majestat, og minni hlut eign Jóns Péturssonar á Hliði lögréttumanns. Ábúanadinn er Þórður Jónssons. Landskuld af kóngsins parti er 60 álnir, af bóndaeigninni 20 álnir, Greiðist með fjórum vættum fiska í kaupstað. Við til húsabótar leggur ábúandinn af báðum hlutum jarðarinnar. Leigukúgildi eitt með hlut kongsins, og með bóndaeiginni eitt. Leigur greiðist í smjöri heim til Bessastaða af kóngskúgildinu. En vegna kúgildi bóndans, er greitt annað hvort í smjöri eða fiski heim til eigandans eða í kaupstað.
Kvaðir af kóngspartinum eru mannlán um vertíð sem leyst hefur verið stundum með einni vætt fiska, stundum með því að lána umboðsmanninum eitt tveggja manna far leigulaust um vertíð. Að auki einn hríshestur árlega heim til Bessastaða, þó á umliðnu ári umboðsmannsins hafi fólki þótt sá hríshestur ekki nógu gildur er bóndinn kom með. Var honum því sagt að bæta við hrísi, kom hann þá með annan hríshest sem var lakari en sá fyrri. Hér að auki dagslátta heim til Bessastaða og fæðir bóndinn sig sjálfur, stundum hafa skipaferðir kallaðar verið og jafnvel nokkrum sinnum fleiri en ein á ári, fæðir þá bóndinn sig sjálfur. Í fyrra og margoft áður var maður heimtur að þjóna að hússtörfum staðarins að Bessastöðum og fæðir bóndinn verkmanninn. Enn nú setti Jens Jurgensson tvö ár þau síðustu sem hann var umboðsmaður og í fyrra umboðsmaðurinn Páll Beyer eitt lamb í fóður hvert ár þessara þriggja með jörðinni. Hafði sú kvöð aldrei verið áður það er menn muna og hefur bóndinn ekkert fyrir það fóður þegið. Að auki voru í hittifyrra af Jens Jurgenssyni og nú í sumar af Páli Beyer út heimtur heyhestur til að fóðra kvikfénað þann er fálkunum var ætlað til fæðis á útsiglingunni, og bóndanum sjálfum gert skilt að flytja heyið inn í Hólmakaupstað. Þessi kvöð hafi aldrei fyrr verið það er menn muna. Áður þegar fálkarnir silgdu á Básendum og Keflavík var bóndanum skilt að lána mann til að bera fálkana ásamt öðrum manni frá Bessastöðum suður til áðurnefndra kaupstaða og kostaði bóndinn

---

[2] Gísli Sigurðsson. Ás, Garðahreppur, Gullbringusýsla. Örnefnastofnun Íslands.

manninn að öllu. Þessi kvöð var aldrei fyrr en í Heidemanns tíð og þaðan frá inn til þess er fálkarnir silgdu með Hólmaskipi. Bóndinn gaf manninum 20 álnir fyrir að fara þessa för og að auki fæði fyrir hann.
Á jarðarhluta bóndans eru ekki neinar kvaðir.
Kvikfénaðaur eru fjórar kýr, átta ær, einn tveggjavetra sauður, sjö veturgamlir, átta lömb, og einn foli þriggjavetra.
Hægt er fórða þrjár kýr og eitt ungnaut.
Heimilsmenn eru fjórir.
Selstöð á jörðinn í heimalandi eru þar hagar sæmilegir og vatnsból gott.
Hrísrif hefur jörðin í almenningum til kolgjörðar og eldiviðar.
Lyngrif er í heimalandi, hluti af því notaður til eldiviðar og til að fæða búfénað í heyskorti.
Torfrista og stunga lök og lítt gagnvænleg.
Heimræði brúkar jörðin frí og skipauppsátur í Ófriðarstaðalandi halda sumir. En sumir eigna skipauppsátrið Ási sem ítak á móti selstöðu sem Ófriðarstaðir skuli eiga og síðar segir. Vita menn ekki glögt hvort þetta skipauppsátur og búðarstæði er með skilyrðum eða líðunarsemi. Þó ganga þar skip ábúandans og hafa gengið um langan aldur, en þar var ekki búið það er menn muna fyrr en Margrét Þorsteinsdóttir bjó að Ási fyrir meira en tuttugu árum. Engjar eru engar. Útigangur sæmilegur. Vatnsból bregst all sjaldan.[3]

Sýslulýsingar og sóknarlýsingar segir:
Í lýsingu Selvogsþinga eftir síra Jón Vestmann.
Segir m.a. Kaupstaðarvegur til Hafnarfjarðar liggur úr Selvogi yfir Grindavíkurskörð, stífgild þingmannaleið yfir fjallgarðinn í nr. 1, brattur og grýttur mjög. Frá Krísuvík liggur annar vegur til sama kaupstaðar nefndur Ketilstígur, þrír partar úr þingmannaleið að lengd grýttur og brattur sem hinn. Hlíð í Selvogi er næsti bær við Grindarskarðsveg, en Litli-Nýibær í Krísuvík næst við Ketilstíg. Ás í Garðasókn á Álftanesi er næst bær við Ketilstíg að vestan er Hafanrfjörður í sömu sókn næstur Grindarskarðsvegi að vestanverðu. bls. 109.[4]

Lýsing Garðaprestakalls 1842 eftir síra Árna Helgason segir m.a.:
Þar eru taldir upp bæir í sókninni, og einn af þeim er Ás með tómthúsi.
Bls. 206. Einnig eru taldir upp alfaravegir, og er sá syðsti sem liggur upp í Krísuvík, liggur hann frá Ási Garðasókn, og heitir Stórhöfðastígur.[5]

Í Jarðatali Johnsens frá 1847, segir m.a.:
Álftaneshreppur. Ás, Jarðarnúmer 169: Jörðin er í konungseign. Dýrleiki er 12 hundruð, landskuld er 0.80, kúgildi tvö, ábúandi einn.
Bls. 92.[1]

---

[3] Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1703 Jarðarbók,III, Bls. 170-172. Kaupmannahöfn 1923-1924.
[4] Jón Vestmann Landnám Ingólfs. III. Sýslulýsingar og sóknarlýsingar bls.109
[5] Árni Helgason Landnám Ingólfs. III. Sýslulýsingar og sóknarlýsingar Bls. 206 og 212.
[1] J. Johnsen Jarðatal á Íslandi.Bls. 92 Kaupmannahöfn 1847.
[6] Ásgeir Guðmundsson 1983. Saga Hafnarfjarðar I. 1908 – 1983. Bls 112.

Jörðin Ás var lögð undir lögsaganrumdæmi Hafnarfjarðar 1959 og bærinn eignaðist landið 1964. [6]

## Náttúrufar og jarðabætur

Samkvæmt túnakorti frá 1918, er túnið í Ási 2.8 teigar og þar af helmingur sléttaður.
Kálgarðar eru um 670 m2
Tún Stekks er talið 0.6 teigar, þýft að mestum hluta. Kálgarður 720 m2.[7]

---

[7] Túnakort 1918. Þjóðskjalasafn Íslands

## Niðurstöður

Við allar framkvæmdir á svæðinu ætti að hafa í huga að möguleikar eru á að fornleifar geta alltaf leynst í jörðu sem ekki eru neinar heimildir um eða neinar vísbendingar séu á yfirborði um að svo sé.

Mörg af þeim heitum sem eru í örnefnaskrá Áss eru alveg horfin og ekki hægt að staðsetja, vegna ýmisa breytinga á landinu í gegnum tíðina og óljósra lýsinga, og ekki hefur verið hægt að fá staðkunnuga til að staðsetja nánar, því örnefnalýsingar eru oftar en ekki gerðar af þeim sem ekki eru lengur meðal okkar. Þetta eru oft stígar, götur, traðir, tún og túngarðar.

Þá er fornleifaskráning vegna vinnu við deiliskipulag á nýjum byggingasvæðum austan og sunnan í Ásfjalli. Þessi svæði eru merkt A, B, C, D, J, og K.

Þær minjar sem hafa verið skráðar eru að mestu búsetuminjar um landbúnað og ræktun. Þær minjar sem eru sýnilegar í dag eru að mestu frá því um aldamótin 1800-1900. Heimildir eru um búsetu í Ási frá Jarðabók frá árinu 1703.

Innan þess svæðis sem er friðland Ástjarnar eru fornminjar, austan til á svæðinu undir Ásfjalli er Mómýri þar var mótekja (19) og ekki langt þar frá tóft (21) sem hefur verið hlaðin utan í smá klettabelti. Fjárhústóft (7) er sunnan við vegaslóða sem liggur að trjáræktarsvæðinu sem er í kringum bæjarstæði Áss, Þegar slóðinn var lagður hefur hann verið lagður yfir tóftina að hluta, ef til frekari framkvæmda við stíginn kemur verður að gæta varðúaðar vegna tófarinnar. Þá er tóft (22)sem er rétt utan við friðlandið í suður frá Ástjörn, ofan við göngustíginn, í norður frá því sem heitir Hádegisskarð. Framkvæmdir við þessar tóftir ætti varast.

Ein af þeim hættum sem steðjar að fornminjum í dag er skógrækt. Ekki er æskilegt að gróðursetja tré nær fornleif en 20 metra. Þær fornminjar sem eru á skráningarsvæðinu eru sumar hverjar staðsettar á trjárækarsvæðinum, má þar fyrst nefna bæjarstæði Áss (1)og tóft (20) sem er við göngustíg sem liggur frá nýbyggðri göngubrú í austur frá bæjarstæði Áss. Þegar göngustígurinn var lagður hefur hann verið lagður yfir austurhluta tóftarinnar (20), ef einhverjar meiri framkvæmdir verða vegna þessa stígs, ætti að gæta fyllstu varúðar þannig að tóftin verði ekki fyrir frekari hnjaski.

Við frekari gróðursetningu á skráningarsvæðinu ætti að taka tilllit til þeirra minja sem þar eru.

Við framkvæmdir árið 2000, vegna nýrrar íbúðabyggðar varð rask á minjum í og við bæjarstæði Stekks(28). Ef einhverjar frekari framkvæmdir verða á þessu svæði ætti að taka fullt tillit til þeirra minja sem þegar hafa orðið fyrir raski, þannig að ekki komi til frekari röskunnar á þeim, sem er túngarður (32,33) og bæjarstæði Stekks (28) á bæjarhólnum. Einnig skal tekið tillit til annara minja sem eru í landi Stekks (29,30,31,32,33,34,35,36). Það sama gildir fyrir aðrar minjar á þessu svæði, og svæði sem liggur norðavestan við Ásbraut, en þar eru tóftir (25,26,27) frá fjárbúskap á síðustu öld.

Í örnefnaskrá er talað um að að sumarbúastaðir hafi staðið austan við bæjarstæði Áss, á því svæði er allmikið af tóftum og garðahleðslum. Í örnefnaskrá segir að Stöðullinn(16) sé utan við suðurhlið Áss, steinahleðsla sem liggur næstum í sömu hæð og landið í kring, er vel sýnileg og ætti að aðgæta vel við hverskonar jarðrask á þessu svæði.

Minjar eru einnig frá hernáminu, en það eru all mörg grjóthlaðin skotbyrgi.(43,44,46,48,50,51) Stríðsminjar eru ekki taldar eiginlegar fornminjar í dag en verða það innan nokkura ára og sýna mjög sérstakt tímabil í sögu okkar sem er vert að varðveita fyrir komandi kynslóðir.

# Niðurstöður: Framtíðar byggingasvæði, fyrir deiliskipulag í landi Áss, eru merkt á korti með bókstöfunum A, B, C, og D, og niðurstöðum fornleifaskráningar á hverju svæði.

## Svæði A

Við norðvesturhorn á fyrirhugðum deiliskipulagsreit er grjóthlaðin fjárborg (47), sem er nú mikið hrunin. Þar sem þetta er á mörkum reitsins ætti auðveldlega að vera hægt komast hjá því að hleðslur fjárborgarinnar verði fyrir meira raski, fjarlægð frá fornleif að framkvæmdasvæði á ekki að vera minni en 20 m.
Á svæði sem er sunnan við Kaldárselsveg, norðaustan við hesthús eru undirhleðslur fyrir girðingar. Ofan á þær hafa síðan veið settir girðingarstaurar með vírgirðingu. Undirhleðslur fyrir girðingar koma einnig inn á norðvestuhorn skipulagssvæðisins upp af Kaldárselsvegi. Þessar hleðslur eru hluti af undirhleðslum sem liggja með hlíðinni í vestur, til afmörkuðnnar á túnspildum. Þetta eru hleðslur frá miðri síðustu öld, og hafa tilheyrt þeim búskap sem var þá á svæðinu, en þau hús voru uppsteypt, en hafa nú verið rifin. Ekki eru heimildir um að þar hafi verið búið nema þennan takmarkaða tíma.

## Svæði B

Á þessu svæði fundust ekki neinar fornleifar, hvorki frá heimildum eða við yfirferð svæðisins. Heimildir eru þó um vörðu rétt sunnan við austur af fyrirhugaðu deiliskipulagssvæði var varða sem er næsta horfin. Það mætti samt gera ráð fyrir því að hún yrði hlaðin upp sem kennileiti við nýtt íbúðarhverfi. Um svæðið liggur nú malarvegur, en hvort hann hefur verið lagður ofan á gamla slóð eru ekki heimildir um, ætla má því að vegurinn sé seinna tíma vegagerð.

## Svæði C

Á þessu svæði fundust ekki neinar fornleifar, hvorki frá heimildum eða við yfirferð svæðisins.

## Samantekt á svæði B og C

Milli þessar tveggja svæða austan í Ásfjalli eru allmörg skotbyrgi frá hernámi Íslands, sem flokkast í dag sem stríðsminjar. Þær liggja fyrir utan fyrirhuguð deiliskipulgassvæði og er því ekki í beinni hættu vegna þess. En með nálægð við tilvonandi íbúðarbyggð gæti orðið meiri ágangur í og við þær. Þetta eru minjar um sérstakt tímabil í sögu okkar og ætti að varðveita fyrir komandi kynslóðir.

## Svæði D

Þetta svæði er bæði í landi Áss, og í landi Hvaleyrar. Í þeim hluta sem er í landi Áss eru hvorki heimildir um fornleifar, né neinar sem fundust við vettvangskönnun. Hluti malarvegar liggur um vesturhluta svæðisins, ekki eru heimildir um að hann hafi verið lagður ofan á gamla slóð, ætla má því að vegurinn sé seinni tíma vegagerð.

## Svæði D í Hvaleyrarlandi

Sjá fornleifaskráningu fyrir Hvaleyri.

## Svæði J

Þetta svæði er að litlu leiti í landi Áss, mestur hluti þess er í landi Hvaleyrar.

Á því svæði sem er í landi Áss eru hvorki heimildir um fornleifar, né neinar sem fundust við vettvangskönnun.

## Svæði J í Hvaleyrarlandi

Sjá fornleifaskráningu fyrir Hvaleyri.

## Svæði K

Þetta svæði er í landi Áss, eru hvorki heimildir um fornleifar, né neinar sem fundust við vettvangskönnun.

# Heimildir


## Skriflegar heimildir:
Árni Helgason. Landnám Ingólfs. III. *Sýslulýsingar og sóknarlýsingar* Bls. 206 og 212.
Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1703 *Jarðarbók*,III, Bls. 170-172. Kaupmannahöfn 1923-1924.
Gísli Sigurðsson. *Ás, Garðahreppur, Gullbringusýsla.* Örnefnastofnun Íslands.
J. Johnsen *Jarðatal* á Íslandi. Bls.92 Kaupmannahöfn 1847.
Jón Vestmann. Landnám Ingólfs. III. *Sýslulýsingar og sóknarlýsingar* bls.109
*Túnakort* 1918. Þjóðskjalasafn Íslands.

Birna Gunnarsdóttir og Ragnheiður Traustadóttir. 1996.*Fornleifaskráning vegna samkeppni um skipulag í Áslandi og Grísanesi* Fornleifadeild Þjóðminjasafns Íslands
Jónatan Garðarsson. 2004. *Hvaleyri –býlin, túnin og kennileit.* Óútgefið handrit.
Sigurður Bergsteinsson og Guðmundur Ólafsson. *Þjóminjaskráning í Hafnarfirði 1987-1990.* Fornleifadeild Þjóðminjasafns Íslands 1996.Óútgefið.


## Heimildarmenn.
*Jónatan Garðarsson. Lóuási 2. Hafnarfirði.*

## Fylgiskjöl.

1. *Yfirlitskort yfir Ásland og land Hvaleyrar, þar sem ný byggingasvæði eru skilgreind með gulum lit.*
2. *Túnakort frá 1918, yfir jörðina Ás.*
3. *Túnakort frá 1918 yfir jörðina Stekk sem er í Áslandi.*
4. *Kortagrunnur yfir Ásland þar sem fornleifar eru merktar inn með samsvarandi númeri og er í gagnagrunni Byggðasafns Hafnarfjarðar* Fornleifi.
5. *Kort af framtíðar byggingasvæðum, merktar með bókstöfunum A, B, C, D,J og K. og númeri samsvarandi númeri sem er í gagnagrunni Byggðasafns Hafnarfjarðar, Fornleifi.*
   *Mælikv.1: 10 000.*

## Forsíðumynd
Horft til norðurs frá tóft í Hádegisskarði yfir að bæjarstæði Áss, sem er til hægri í skógarbeltinu sem er fyrir miðri mynd.
Ljósmynd Katrín Gunnarsdóttir ágúst 2004.

# Fornleifaskrá

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 1 | Ásland | | 169 | 1550-1900 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Ás | N 064°03.155' W 021°57.039' | Horfið | Skógrækt | Mikil |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Bæjarstæði/Ás | Nei | | Nei | Já | Talsvert |

**Lega og staðhættir:**

Bæjarstæði og bæjarhóll Áss, er austarlega í skógræktarreit í Áslandi.

**Lýsing:**

Bæjarhóll Áss hefur verið sléttaður að mestu að ofan og möl sett á hann. Hóllinn sjálfur er vel sýnilegur. Leifar af steyptum veggjabútum sjást á bæjarstæðinu. Á bæjarstæði stóð síðast hús sem byggt var 1904.

**Athugasemdir:**

Et eitthvað jarðrask verður á þessu stað ætti það að vera undir eftirliti fornleifafræðings. Eins er mikil hætta í og við bæjarhólin af trjárækt.
Það var búið í Ási fram til ársins 1956, eftir það var jörðin leigð fyrir grastekju. Húsið síðan rifið um 1980.

Mynd 1.
Horft til noðurs yfir skógræktar svæði og bjæarstæði Áss sem er til vinstri við rauðan gám sem er til hægri á myndinni.
Mynd 2.
Bæjarstæði Áss, horft í austur.

**Heimildir:**

Túnakort. Þjóðskjalasafn Íslands 1918.
Birna Gunnarsdóttir, Ragnheiður Traustadóttir. *Fornleifaskránig vegna samkeppni um skipulag í Áslandi og Grísanesi. Fornleifadeild* Þjóðminjasafns Ísland. Reykjavík 1996.
Vettvangsathugun með Jónatani Garðarsynii, 10/6 2004.





# *Fornleifaskrá*

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 2 | Ásland | | 169 | 1900 - |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Fjós | N 064°03.155' W 021°57.021' | Lélegt | Ábúð | Lítil |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Fjós | Nei | | Nei | Nei | Lítið |

**Lega og staðhættir:**

Fjósið er norðan í bæjarhólnum. Má vel vera að það hafi verið byggt á grunni eldra fjóss.

**Lýsing:**

Uppi standa steyptir veggir fjóssins sem stóð þarna síðast. Það er um 4 m - 6 m að stærð, og eru dyr í suðaustur.Steypt þak er yfir fjósinu og er það grasivaxið. Nýlega hefur verið kveikt í drasli inni í fjósinu.

**Athugasemdir:**

Ef eitthvað jarðrask verður vegna fjóssins ætti það að vera undir eftirliti fornleifafræðings, vegna nálægðar við bæjarhólinn, því fjósið er nánast byggt inn í hann.

Mynd 1.
Fjósið sem er austan við bæjarstæði Áss. Horft í vestur.
Mynd 2.
Fjósið austan við bæjarstæði Áss. Horft í vestur.

**Heimildir:**

Vettvangsathugun 10/6 2004.





# Fornleifaskrá

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 3 | Ásland | | 169 | 1550-1900 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Ásbrunnur | N 064°03.145' W 021°56.954' | Lélegt | Ábúð | Talsverð |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Brunnur | Nei | | Nei | Já | Talsvert |

**Lega og staðhættir:**

Brunnurinn er vestur af bjæjarstæði Áss, utan skógræktargirðingarinnar. á svæði sem liggur að göngustíg austan við eystri hluta Spóaás.

**Lýsing:**

Brunnurinn og hleðslur við hann eru að mestu á kafi í grasi. En þó má vel sjá lækkun í landinu að honum. Brunnopið er um 1.5 x 1.5 m, og um 1 m á hæð þar sem það er hæst á austurhliðinni, en lækkar svo til vesturs, og rennur saman við landið í kring og endar í rás 2 m - 3 m langri og 0.50 m breiðri sem liggur í vestur. Í botn brunnsins hefur nú verið sett lok, en það er á kafi í grasi.

**Athugasemdir:**

Við fornleifaskráningu 1996 er sagt að hlaðið sé í kringum brunninn og vestan brunnsins sé hlaðin stétt. Hleðslur eru nú að mestu horfnar í gróður og sömuleiðis stéttin alveg horfin.

Mynd 1: Brunnur Ás, vestan við bæjarstæðið, brunnurinn er hringlaga fyrir miðri mynd, horft í austur.

**Heimildir:**

Birna Gunnarsdóttir, Ragnheiður Traustadóttir. 1996. *Fornleifaskráning vegna samkeppni um skipulag í Áslandi og Grísanesi.* Fornleifadeild Þjóðminjasafns Íslands.
Gísli Sigurðsson. *Ás, Gullbringusýsla, Garðahreppur.* Örnefnastofnun Íslands.



# Fornleifaskrá

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 4 | Ásland | | 169 | 1900 - |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Ás | N 064°03.207' W 021°57.165' | Sæmilegt | Ábúð | Lítil |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Undirhleðsla/girðing | Nei | | Nei | Nei | Lítið |

**Lega og staðhættir:**

Þessi undirhleðsla er í vestur frá bæjarstæði Áss, að mörkum skógræktarreits.

**Lýsing:**

Undirhleðsla þessi liggur vestan við bæjarstæði Áss. að mörkum vesturhliðar skógræktar. Ás þar sem hann liggur norður-suður, rof hefur verið gert í garðinn fyrir malarstíg sem liggur í gegnum skógræktina. Garðurinn er grjóthlaðinn, og er hleðsluhæð allt að 0.80 m og breiddin allt að 1m. Ofan á garðinum er gaddavírsgirðing.

**Athugasemdir:**

Mynd 1.
Undirhleðsla grjóthlaðin við vesturhlið skógræktargirðingar við Ás. Horft í suðaustur.
Mynd 2.
Grjóthlaðin undirhleðsla, horft í suðvestur

**Heimildir:**

Vettvangsathugun 10/6 2004.





# *Fornleifaskrá*

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 5 | Ásland | | 169 | 1550-1900 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Vesturtúngarður | N 064°03.246' W 021°57.130' | Sæmilegt | Ábúð | Talsverð |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Túngarður/hleðsla | Nei | | Nei | Nei | Talsvert |

**Lega og staðhættir:**

Túngarðurinn liggur austur-vestur um 20 m frá undirhleðslu sem er vesturhlið skógræktatreits í landi Áss. Gaðurinn liggur fast við austurhlið fjárhústóftar, sem er við göngustíg ofan skógræktar í landi Áss.

**Lýsing:**

Túngarðurinn liggur austur-vestur um 20 m frá undirhleðslu sem er á vesturhlið skógræktargirðingar. Hann er um 2 m -3 m á breidd grjóthlaðinn, hleðsluhæð um 0.50 m. Garðurinn liggur fast við fjárhústóft sem liggur upp að göngustíg norðan garðsins.

**Athugasemdir:**

Mynd 1:
Vesturtúngarður Áss, horft í norðaustur.

**Heimildir:**

Vettvangsathugun 10/6 2004.



# Fornleifaskrá

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 6 | Ásland | | 169 | 1550-1900 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Áslindin | N 064°03.242' W 021°57.140' | Sæmilegt | Ábúð | Talsverð |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Áslindin/Vatnsból | Nei | | Nei | Já | Talsvert |

**Lega og staðhættir:**

Í Örnefaskrá segir: Út frá Vesturtúngarði neðarlega var uppspretta sem nefndist Áslindin. Þar var vatnsból fyrir Ás, ef brunnin þraut.
Lindin er í smá slakka í landinu frá vesturhlið skógræktar girðingar að göngustíg austan við Spóaás.

**Lýsing:**

Lindin er líkust vatnspolli. um 1 x 1.5 m að stærð. Í grasivöxnum slakka.

**Athugasemdir:**

Mynd 1:
Út frá vesturtúngarði er Áslindin. Horft í norðaustur.
Mynd 2:
Áslindin horft í norðaustur.

**Heimildir:**

Gísli Sigurðsson. *Ás, Garðahreppur, Gullbringusýsla.* Örnefnastofnun Íslands.





# Fornleifaskrá

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 7 | Ásland | | 169 | 1550-1900 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Fjárhús | N 064°03.246' W 021°57.130' | Lélegt | Ábúð | Talsverð |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Tóft/fjárhús | Nei | | Nei | Já | Talsvert |

**Lega og staðhættir:**

Fjárhústóftin er um 15 m frá norðaustur horni skógræktargirðingar, upp við malarstíg sem liggur að skógræktarsvæði.

**Lýsing:**

Fjárhústóftin er grjóthlaðin, en mikill grasvöxtur er í veggjum tófarinnar og í tóftinni sjálfri.
Hún er um 20 m löng og 7 m - 8 m breið eins og hún er núna, en augljóslega hefur önnur langhlið tóftarinnar verið eyðilögð þegar lagður var malarvegar að skógræktinni í landi Áss. Veggjahæð er um 0.40 m, veggjaþykkt um 1 m. Frá suðaustur horni tóftarinnar liggur Vesturtúngarður Áss í norður-suður.

**Athugasemdir:**

Við fornleifaskráningu 1996, er tóftin sögð skiptast í a.m.k. þrjú hólf, og það syðsta er greinilegast 3 x 4 m og er innangengt þaðan í miðhólf.

Mynd 1:
Horft yfir fjárhústóftir til vesturs.
Mynd 2:
Horft til norðvesturs yfir fjárhústóftir.
Mynd 3.
Teikning. K.G. 2004

**Heimildir:**

Birna Gunnarsdóttir, Ragnheiður Traustadóttir, 1996. *Fornleifaskráning vegna samkeppni um skipulag í Áslandi og Grísanesi.* Fornleifadeild Þjóðminjasafns Íslands
Vettvangathugun 10/6 2004.







# *Fornleifaskrá*

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 8 | Ásland | | 169 | 1900 - |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Fjárhús | N 064°03.244' W 021°57.040' | Lélegt | Ábúð | Talsverð |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Tóft/fjárhús | Nei | | Nei | Já | Talsvert |

**Lega og staðhættir:**

Í skógarlundi ofan við göngustíg sem liggur niður af Gauksási.

**Lýsing:**

Þarna stóð sumarbústaður sem var rifinn um 1950, frá honum sést steypt gólf uppi á smá hól. Neðan við hólinn í vestur eru tóftarbrot sem liggja alveg niður að göngustígnum sem þarna liggur og hefur göngustígurinn verðið lagður yfir hluta tóftarinnar. Austurhlið tóftarinnar liggur inn í hólinn, og frá báðum hliðum ganga upphlaðnir garðar sem ná út að gangstígnum. Tóft þessi sést á túnakorti frá 1918.

**Athugasemdir:**

Mynd 1:
Steypt gólfplata frá sumarbústað sem stóð þar sem nú er trjálundur fyrir ofan göngustíg sem liggur sunnan við Áslandshverfið. Horft til norðausturs
Mynd 2:
Ofan við göngustíg sem liggur sunnan og neðan við Áslandshverfið, og fyrir ofan bæjarstæði Áss. Hleðsla fyrir miðri mynd, horft til austurs.
Mynd: 3
Teikning K.G.2004.

**Heimildir:**

Túnakort. Þjóðskjalasafn Íslands 1918.





# *Fornleifaskrá*

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 9 | Ásland | | 169 | 1550-1900 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Suðurtraðir | N ° . ' W ° . ' | Horfið | Annað | Lítil |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Suðurtraðir,traðir/heimild | Nei | | Nei | Nei | Talsvert |

**Lega og staðhættir:**

Samkvæmt örnefnalýsingu segir að Suðurtraðir hafi legið frá bænum niður Brekkuna niður að Suðurtraðarhliði.

**Lýsing:**

Traðirnar eru í dag alveg horfnar og ekki hægt að segja til um hvar þær hafa legið nákvæmlega, en vísað í lýsingu í örnefnaskrá.

**Athugasemdir:**

**Heimildir:**

Gísli Sigurðsson, *Ás, Garðahreppur, Gullbringusýsla*. Örnefnastofnun.

# *Fornleifaskrá*

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 10 | Ásland | | 169 | 1550-1900 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Norðurtraðir | N ° . ' W ° . ' | Horfið | Ábúð | Lítil |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Norðurtraðir, traðir, heimild | Nei | | Nei | Nei | Talsvert |

**Lega og staðhættir:**

Í örnefnaskrá segir: Heiman frá bænum lágu Norðurtraðir, þar á mótum garðanna, norður- og vesturgarðs, þar var norðurtraðarhlið. Ofanvert við traðirnar nyrst var flöt sem nefndist Dansflöt.

**Lýsing:**

Ekki er hægt að staðsetja Noðrurtraðir út frá þeim upplýsingum sem liggja fyrir, en vísað er í staðháttalýsingu í örnefnskrá.

**Athugasemdir:**

**Heimildir:**

Gísli Sigurðsson. *Ás, Garðahreppur, Gullbringusýsla.* Örnefnastofnun Íslands.

# *Fornleifaskrá*

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 11 | Ásland | | 169 | 1900 - |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Sumarbústaður | N 064°03.130' W 021°56.859' | Lélegt | Ábúð | Lítil |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Bæjarstæði/sumarbústaður | Nei | | Nei | Nei | Lítið |

**Lega og staðhættir:**

Niður af götunni Gaukshólum í um 25 m í austur frá bæjarstæði, sumarbústaðar sem rifinn var um 1950 og stóð þar sem nú er skógarrjóður.

**Lýsing:**

Ekkert sést nú af byggingu þessari nema steypt gólfplata um sem er 4-5 m x 11 m, með steyptum veggjum sem eru um 0.40 m á hæð. tröppur hafa verið á byggingunni á suðurhlið, og sjást þær greinilega ennþá.

**Athugasemdir:**

Mynd 1:
Horft til suðurs yfir steypta gólfplötu sumarbústar.
Mynd: 2:
Horft til suðausturs yfir steypta gólfplötu og tröppur á sumarbústað.
Mynd 3:
Teikning K.G. 2004.

**Heimildir:**

Vettvangsathugun með Jónatani Garðarssyni 22/6 2004.







# *Fornleifaskrá*

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 12 | Ásland | | 169 | 1550-1900 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Sumarbústaður | N 064°03.141' W 021°56.849' | Horfið | Ábúð | Lítil |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Bæjarstæði/túngarður | Nei | | Nei | Nei | Lítið |

**Lega og staðhættir:**

Þetta gamla sumarbústaðaland er fyrir neðan þar sem nú er gatan Gauksás. Í austur frá bæjarstæði Áss.

**Lýsing:**

Þarna stóð sumarbústaður sem var rifinn um 1950. Sumarbúastaðurinn stóð uppi á smá hól og beggja megin hans má sjá hleðslur, út frá bæjarstæðinu liggur síðan túngarður sem hefur vesturhlið um 25 m langa og austuhlið 30 m. Innan túngarðsins og í hann hefur verið plantað miklu af trjám.

**Athugasemdir:**

Þarna bjó Guðrún Jónsdóttir sem kom í Hafnarfjörð í kringum 1900, áður hafði búið þar Þorvaldur Ólafsson d. 1895.
Mynd 1:
Í landi Áss. Séð yfir að bæjarstæði þar sem sumarbústaður fyrir miðri
mynd þar sem er staur, ásamt garðhleðslum sem eru í kringum trjágróður. Horft í norður.
Mynd 2:
Tekning K.G. 2004.

**Heimildir:**

Vettvangsathugun með Jónatani Garðarssyni 10/6 2004.





# *Fornleifaskrá*

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 13 | Ásland | | 169 | 1550-1900 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Túngarður. | N 064°03.118' W 021°56.878' | Sæmilegt | Ábúð | Talsverð |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Garðlag/túngarður | Nei | | Nei | Nei | Talsvert |

**Lega og staðhættir:**

Austan við túngarð frá sumarbústað sem stóð þarna fram til 1950, en steypt gólfplata sést vel ennþá.

**Lýsing:**

Neðan við Gauksás liggur þessi garður austan við bæjarstæði og túngarð sumarbústaðar sem var rifinn um 1950. Austurhlið garðsins er um 15 m löng, suðurhlið um 30 m og vesturhlið um 15 m löng og á þeirri hlið er op sem er yfir að trjárækt sem er fyrir neðan túngarð sem liggur í kringum sumarbústaðarstæði. Hleðlsuhæð garðsins er um 0.30, en víða liggur hann sléttur í landinu.

**Athugasemdir:**

Mynd 1:
Horft til austurs eftir hlöðnum garði sem er hægra megin við lúpínurnar, og beygir síðan til vinstri fremst á myndinni, garðurinn er austan við trjálund þar sem var sumarbústaður.
Mynd 2:
Hér er horft yfir garðinum til suðurs.
Mynd 3:
Teikning K.G. 2004.

**Heimildir:**

Vettvangsathugun 10/6 2004.







# Fornleifaskrá

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 14 | Ásland | | 169 | 1550-1900 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Útihús | N 064°03.141' W 021°56.880' | Sæmilegt | Ábúð | Talsverð |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Tóft | Nei | | Nei | Nei | Talsvert |

**Lega og staðhættir:**

Tóftin er um 7 m í suður frá túngarði sumarbústaðar sem rifinn var um 1950.

**Lýsing:**

Tóftin er grasivaxin að mestu, en sést í steinahleðslur við dyr á vesturhlið. Hleðslsuhæð er um 0.30 m þar sem þeir eru hæstir, en ytri veggir renna að mestu saman við landið í kring.

**Athugasemdir:**

Mynd 1:
Útihús, tóft horft til suðausturs.
Mynd 2:
Tóftin er þar sem timbur liggur á jörðinni.
Horft til austurs.
Mynd 3:
Tekning K.G. 2004.

**Heimildir:**

Vettvangsathugun 10/6 2004.







# *Fornleifaskrá*

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 15 | Ásland | | 169 | 1900 - |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Útihús | N 064°03.135' W 021°56.898' | Lélegt | Ábúð | Lítil |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Tóft/grjót | Nei | | Nei | Nei | Lítið |

**Lega og staðhættir:**

Við suðurenda gróðurbeltis sem er fyrir neðan sumarbústaðaland, austan við Ás.

**Lýsing:**

Húsið sem þarna hefur verið er nú alveg fallið saman og er á að líta eins og stór grjóhrúga sem er um 5 m x 7 m að stærð, og hæð um 0.70 m .

**Athugasemdir:**

Mynd 1:
Steinahrúga fyrir miðri mynd eru leifar af útihúsi þar sem voru sumarbústaðir austan við bæjarstæði Áss. Horft til norðurs.

**Heimildir:**

Vettvangsathugun 10/6 2004.



# *Fornleifaskrá*

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 16 | Ásland | | 169 | 1550-1900 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Stöðull | N 064°03.123' W 021°56.890' | Sæmilegt | Ábúð | Talsverð |

| Tegund minja: | Friðlýst: | Hvenær: | Friðlýsa: | Merkja: | Minjagildi: |
|---|---|---|---|---|---|
| Stöðull/hleðsla | Nei | | Nei | Nei | Talsvert |

**Lega og staðhættir:**

Um 20 m í suðaustur frá túngarði sem er í kringum sumarbústaðalandið austan við Ás.

**Lýsing:**

Hleðslur stöðulisins liggja sléttar í landinu, en sjást vel. Það sést í eina steinaröð í hvorum vegg.

**Athugasemdir:**

Í Örnefnaskrá segir að utan við suðurhlið túngarðs Áss sé stöðullinn, og þar fyrir neðan kargaþýfður mói.

Mynd 1:
Fyrir miðri mynd steinahleðslur stöðuls, horft til suðurs.
Mynd 2:
Steinahleðslur frá stöðli, fyrir miðri mynd
horft til suðurs
Mynd 3. Teikning K.G. 2004.

**Heimildir:**

Gísli Sigurðsson. *Ás. Gullbringusýsla, Garðahreppur.* Örnefnastofnun Íslands.







# *Fornleifaskrá*

| Aðalnúmer: | Undirnúmer: | Landareign: | Landareign nr: | Jarðatal 1874: | Aldur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 17 | Ásland | | 169 | 1550-1900 |

| Heiti: | GPS-Hnit: | Ástand: | Hættumat: | Hætta: |
|---|---|---|---|---|
| Vatnsból/þvottur | N 064°03.153' W 021°56.863' | Sæmilegt | Ábúð | Talsverð |

